

Verkefni: Stjórnarfundur Gígjunnar
Dagsetning fundar: 8. apríl 2011
Tímasetning fundar: kl. 18:00 – 19:30
Fundarstaður: Súfistinn Hafnarfirði

Stjórnarmenn/fundarmenn:

Aðalheiður Gunnarsdóttir (AG)	formaður	Mætt
Sigurborg Sigurðardóttir (SS)	varaformaður	Mætt
Steiney Halldórsdóttir (SH)	ritari	Mætt
Anna Inga Grímsdóttir (AIG)	gjaldkeri	Mætt
Anna Laxdal Þórólfsdóttir (ALÞ)	meðstjórnandi	Mætt
Heiða Gunnarsdóttir (HG)	Mætt á hluta af fundinum sem ráðgjafi	

Fundarefni og helstu niðurstöður fundar:

1. Lógó Gígjunnar

SS kom með tillögur að lógói sem sonur hennar hafði hannað. Umræður urðu um letur og fleira og er ætlunin að athuga frekar með leturgerðir og uppsetningu.

2. Uppfærsla á vefsíðu

Farið var yfir vefsetur Gígjunnar með HG og rætt um uppfærslu á því. Eftirfarandi atriði voru rædd: Að kalla inn nýjar myndir frá öllum aðildarkórnum til að uppfæra myndirnar sem birtast efst á vefsetrinu. Breyta uppsetningu á yfirliti fréttar, setja facebook hnappa á fréttakerfið og fréttamyndir séu í sömu stærð. Breyta uppsetningu á yfirliti fundargerða og lista yfir fyrri stjórnir Gígjunnar. Búa til eina síðu sem gefur yfirlit yfir alla útgáfu, allir diskar verði á einum stað og þeir settir upp í listahlut þannig að birtingin sé eins hjá öllum kórnum á geisladiskunum þeirra. Gera samræmda síðu fyrir alla aðildarkórana, þannig að það sé auðveldara að viðhalda upplýsingunum. Breyta uppsetningu á tónleikasíðunni. Fara yfir tengla og endurnýja. Breyta texta í “Mæla með vefnum”.

Rætt var um kostnað við að uppfæra vefsetur Gígjunnar, HG ætlar að skoða hvað hún getur unnið sjálf og fá tilboð í önnur atriði.

Athuga þarf hvort hægt sé að setja upptöku frá RÚV af flutningi Kvennakórs Öldutúns á jólalagi Jóns Ásgeirssonar á heimasíðuna, en það hefur ekki gengið vegna þess hversu stór hún er.

3. Sameiginlegir tónleikar í Hörpu

Tónleikum í Hörpunni verður að fresta til ársins 2012, þar sem ekki var hægt að halda frá dagsetningunni 20. nóvember 2011. Þetta verður lagt fyrir kórana og stjórnendur þeirra á landsmótinu.

4. STEF

Stjórnin þarf að hitta Guðrúnu hjá STEF og ræða við hana um hvernig STEF hefur hugsað sér útfærslu á sameiginlegu gjaldi kóranna til STEF.

5. Landsmót

Ákveðið var að heiðra þrjár konur á landsmóti fyrir óeigingjarnt starf í þágu íslenskra kvennakóra. Þær eru Margrét Bóasdóttir, Margrét J. Pálmadóttir og Heiða Gunnarsdóttir. ALÞ ætlar að kaupa afsteypur af styttni „Harpan“ eftir Ásmund Sveinsson til að afhenda þeim, sem þakklætisvott á landsmótinu.

6. Pósthólf

Ákveðið var að athuga með pósthólf fyrir Gígguna svo ekki þurfi að vera að breyta heimilisfangi þegar ný stjórn tekur við eða formaður.

Fleira ekki rætt og var fundi slitið kl. 19:30.

Ritari fundargerðar: Steiney Halldórsdóttir